

Nr. 001 / 16 Sæfugl ST 81**Strandar við Drangsnæs**

Skipaskr.nr. 2307
Smíðaður: Samtak, Trefjaplast, árg:1998
Stærð: brl. 8,28 bt.
Mesta lengd: 10,71 m Skráð lengd: 9,8 m
Breidd: 2,78 m Dýpt: 1,25 m
Vél: Volvo Penta 190,4 kw, árg:1998
Fjöldi skipverja: 2



Sæfugl©Fiskifrétir

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 5. desember 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. janúar 2016 var Sæfugl ST 81 á siglingu til hafnar á Drangsnæsi. Veður: NA 7 m/sek og ölduhæð 1,5 m.

Um kl. 09:00 tilkynnti Sæfugl Vaktstöð siglinga (VSS) að báturinn væri strandaður rétt fyrir utan höfnina á Drangsnæsi. Skipverjar kölluðu eftir aðstoð frá landi og kom Herja ST 166 á strandstað nokkru síðar ásamt björgunarbát frá Björgunarsveit Drangsnæs sem kom taug á milli bátanna. Herja dró Sæfugl á flot.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar báturinn var að nálgast höfnina var annar bátur á útleið. Skipstjórinn sló þá af en fór ásamt hinum skipverjanum að skoða í tölvu bátsins meðan sá bátur hélt út. Sökum myrkurs veittu þeir því ekki athygli að báturinn sigldi á grynningar;
- að nýr dýptarmælir var í bátinum en slökkt var á aðvörunarbúnaði hans vegna stöðugra viðvarana frá honum á siglingu. Var það mat skipstjóra að botnstykkið hafi verið ranglega staðsett;
- að skipstjórinn var mjög kunnugur þessu svæði;
- að skipstjórinn sagði að ekki hefði verið um þreytu að ræða heldur augnabliks aðgæsluleysi;
- að myrkur var þegar báturinn kom að hafnarmynninu.

Nefndarálit:

Orsök strandsins er aðgæsluleysi við stjórn bátsins.